

Rammi hf.
Samstæðuársreikningur
2020
evrur

Rammi hf.
Gránugötu 1-3
580 Siglufjörður
Kt. 681271-1559

Efnisyfirlit

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	5
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Sjóðstreymisyfirlit	9
Eiginfjárfirlit	10
Skýringar	11
Óendurskoðað	
Ársfjórðungayfirlit	23
Ófjárhagsleg upplýsingagjöf	24
Stjórnarháttaryfirlýsing	28

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Félagið er útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki sem gerir út fjögur fiskiskip frá Ólafsfirði, Siglufirði og Þorlákshöfn auk þess starfrækir félagið fisk- og humarvinnslu í Þorlákshöfn og rækjuvinnslu á Siglufirði.

Ársreikningur samstæðu Ramma hf. og dótturfélaga þess Arctic Seafood Ltd., Primex ehf. og Sigurbjarnar ehf. fyrir árið 2020 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi, efnahagsreikningi, sjóðstreymisýfirliti, eiginfjárfirliti og skýringum.

Heildartekjur samstæðunnar námu EUR 57,3 milljónum samanborið við EUR 66,8 milljónir árið 2019. Hagnaður varð af rekstri samstæðunnar á árinu að fjárhæð EUR 8,8 milljónir samkvæmt rekstrarreikningi (2019: EUR 12,1 milljónir). Heildareignir samstæðunnar námu EUR 159,3 milljónum í árslok 2020 (2019: EUR 165,4 milljónir). Eigið fé í árslok 2020 nam EUR 90,3 milljónir samkvæmt efnahagsreikningi (2019: EUR 85,5 milljónir). Eiginfjárlutfall í árslok 2020 var 56,7% (2019: 51,7%).

COVID-19 heimsfaraldurinn hafði töluverð áhrif á rekstur samstæðunnar á árinu 2020 og þá sérstaklega í apríl og maí og svo í nóvember. Velta samstæðunnar dróst saman vegna faraldursins sem og að innan ársins átti sér stað birgðasöfnun. Samstæðan tryggði sér frekari lánsfjármögnun til að mæta þessum aðstæðum, en ekki reyndist þörf á að nýta þá fjármögnun. Nánar vísast til skýringar nr. 22 varðandi áhættustýringu og umfjöllun um fjárhagslegar stærðir tengdar helstu áhættuþáttum.

Í aðalstjórn Ramma hf. eru fimm stjórnarmenn, þrjú karlar og tvær konur og í varastjórn eru tveir karlar. Framkvæmdastjórn félagsins skipa þrjú karlar.

Hlutfé félagsins nam í lok árs 2020 EUR 4,7 milljónir og skiptist það á 132 hluthafa, sem er fækkun um einn á árinu. Félagið keypti eigin hluti að nafnverði EUR 9 fyrir samtals EUR 187 í samræmi við heimildir frá síðasta aðalfundi. Í árslok 2020 á félagið eigin hluti að nafnverði EUR 99.588.

Tíu stærstu hluthafar félagsins í lok árs 2020 eru:

Marteinn Haraldsson ehf.	38,88%
Gunnar Sigvaldason	16,74%
Svavar Berg Magnússon	14,26%
Sigurður Guðmundsson	9,19%
Egill Sigvaldason	4,81%
Jón Þorvaldsson	4,81%
Karlsberg ehf.	2,47%
Arion banki hf.	2,21%
Ólafur Marteinnsson	1,64%
Rúnar Marteinnsson	1,02%
Aðrir 122 hluthafar	3,97%
	<hr/> 100,00%

Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði arður að fjárhæð EUR 0,95 milljónir á árinu 2021 vegna rekstrarársins 2020. Að öðru leyti er vísað til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eigin fé.

Stjórnunarhættir

Stjórn Ramma hf. leggur áherslu á góða stjórnarhætti. Í lok júní 2020 voru gerðar breytingar á ársreikningalögum sem fólu m.a. í sér að Ramma hf. ber að birta yfirlýsingu um stjórnarhætti sína í sérstökum kafla í skýrslu stjórnar. Félagið hefur ekki fram að þessu fylgt leiðbeiningum um stjórnarhætti en hyggst fylgja Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja frá og með árinu 2021. Leiðbeiningarnar eru gefnar út af Viðskiptaráði Íslands, NASDAQ OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins. Stjórnin hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart framkvæmdastjóra. Stjórn félagsins ákveður starfskjör framkvæmdastjóra, fundar reglulega með endurskoðendum félagsins. Frekari upplýsingar um stjórnarhætti félagsins er að finna í stjórnarháttayfirlýsingu í viðauka með ársreikningnum.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.:

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Ramma hf. telst stórt félag samkvæmt skilgreiningu þar um í ársreikningalögum. Í samræmi við 66. gr. d. ársreikningalaga skal félagið því veita upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfis-, samfélags- og starfsmannamál, stefnu félagsins í mannréttindamálum, hvernig það spornar við spillingar- og mútumálum auk hnitmiðaðrar lýsingar á viðskiptalíkani félagsins og fleira. Gerð er grein fyrir stefnu og árangri félagsins í þessum málum í viðauka með ársreikningnum.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006, um ársreikninga.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar á árinu 2020, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2020 og breytingu á handbæru fé á árinu 2020.

Jafnframt er það álit okkar að samstæðuársreikningurinn og skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri Ramma hf. hf. hafa í dag rætt um samstæðuársreikning félagsins fyrir árið 2020 og staðfesta hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund félagsins að samþykkja ársreikninginn.

Siglufirði, 5. mars 2021.

Í stjórn:

Gunnar Sigvaldason
Gunnar Svavarsson
Katrín Pétursdóttir
Sigurgeir Svavarsson
Steinunn H Marteinsdóttir

Framkvæmdastjóri:

Ólafur Helgi Marteinson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Ramma hf.

Áritun um endurskoðun samstæðuársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað samstæðuársreikning Ramma hf. („samstæðan“) fyrir árið 2020. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu samstæðunnar 31. desember 2020 og afkomu samstæðunnar og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð samstæðunni í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram samstæðuársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi samstæðunnar og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa samstæðuna upp eða hætta starfsemi hennar, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort samstæðuársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur samstæðuársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits samstæðunnar.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi samstæðunnar. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert samstæðuna órekstrarhæfa.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald samstæðuársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna varðandi fjárhagslegar upplýsingar eininga innan samstæðunnar til að geta gefið álit á samstæðuársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar samstæðunnar og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum samstæðuársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Siglufirði, 5. mars 2021.

KPMG ehf.

Matthías Þór Óskarsson
Sigurjón Örn Arnarson

Rekstrarreikningur ársins 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrartekjur	4	57.332.509	66.789.379
Kostnaðarverð seldra vara	5	(40.285.854)	(46.751.755)
Framlegð		17.046.654	20.037.624
Seld þjónusta		15.602	10.270
Útflutningskostnaður		(1.196.062)	(1.278.266)
Sameiginlegur rekstrarkostnaður	5	(2.502.274)	(2.673.471)
Rekstrarhagnaður		13.363.920	16.096.157
Hrein fjármagnsgjöld	7	(2.707.006)	(1.002.413)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		10.656.915	15.093.744
Tekjuskattur	8	(1.900.227)	(3.009.951)
Hagnaður ársins		<u>8.756.687</u>	<u>12.083.793</u>
 Aðrar upplýsingar			
EBITDA		16.227.780	18.829.007
Grunnhagnaðarhlutur og þynntur hagnaðarhlutur.....	17	1,92	2,65

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr.	31.12.2020	31.12.2019
Eignir			
Rekstrarfjármunir	9	38.379.523	40.985.227
Óefnislegar eignir	11	100.408.404	103.815.497
Eignarhlutir í öðrum félögum	12	591.036	684.187
Skatteign	20	0	126.115
Langtímakröfur		331.670	360.640
Fastafjármunir		<u>139.710.633</u>	<u>145.971.666</u>
Birgðir	13	7.886.961	7.807.966
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	14	5.888.233	6.363.591
Fyrirframgreiddur kostnaður		36.215	36.279
Handbært fé	15	5.749.167	5.176.063
Veltufjármunir		<u>19.560.576</u>	<u>19.383.898</u>
Eignir samtals		<u>159.271.209</u>	<u>165.355.564</u>
Eigið fé			
Hlutfé		4.560.500	4.560.509
Lögbundinn varasjóður		1.165.022	1.165.022
Annað eigið fé		(2.508.171)	439.840
Bundinn hlutdeildarreikningur		1.638.656	810.847
Óráðstafað eigið fé		85.461.669	78.482.969
Eigið fé samtals	16	<u>90.317.676</u>	<u>85.459.186</u>
Skuldir og skuldbindingar			
Tekjuskattsskuldbinding	19	10.136.283	9.609.116
Skuldir við lánastofnanir	18	38.234.736	18.658.492
Langtímaskuldir og skuldbindingar samtals		<u>48.371.018</u>	<u>28.267.608</u>
Skuldir við lánastofnanir	18	9.500.000	11.504.755
Næsta árs afborganir langtímaskulda	18	6.103.363	34.189.170
Tekjuskattur til greiðslu	19	1.155.378	2.040.475
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	21	3.823.773	3.894.370
Skammtímaskuldir samtals		<u>20.582.515</u>	<u>51.628.770</u>
Skuldir samtals		<u>68.953.533</u>	<u>79.896.378</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>159.271.209</u>	<u>165.355.564</u>

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrarhreyfingar:			
Hagnaður ársins		8.756.687	12.083.793
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	9	2.863.860	2.732.850
Gengismunur langtímalána		1.189.011	(102.209)
Tekjuskattur		723.544	1.034.322
Aðrir liðir		90.178	397.659
		<u>13.623.280</u>	<u>16.146.415</u>
		Veltufé frá rekstri	
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum		(1.186.900)	2.674.905
		<u>12.436.380</u>	<u>18.821.320</u>
		Handbært fé frá rekstri	
Fjárfestingarhreyfingar:			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	9	(797.265)	(2.057.730)
Innborgað söluverð rekstrarfjármuna	9	359.605	0
Söluverð eignarhluta í félögum		0	46
Fjárfesting í dótturfélagi að frádregnu handbæru fé		0	(15.811.092)
Fjárfesting í eignarhlut í félagi		(17.937)	(182.989)
Langtímakröfur, breyting		16.887	16.897
		<u>(438.710)</u>	<u>(18.034.868)</u>
		Fjárfestingarhreyfingar	
Fjármögnunarhreyfingar:			
Keypt eigin bréf		(187)	0
Greiddur arður		(950.000)	(950.000)
Tekin langtímalán		27.076.923	8.000.000
Afborganir langtímalána		(35.546.546)	(7.214.395)
Skammtímalán, breyting		(2.004.755)	1.043.612
		<u>(11.424.565)</u>	<u>879.217</u>
		Fjármögnunarhreyfingar	
Hækkun á handbæru fé		573.105	1.665.669
Handbært fé í ársbyrjun		5.176.063	3.510.394
Handbært fé í árslok		<u>5.749.167</u>	<u>5.176.063</u>

Eiginfjáryfirlit 1. janúar 2019 til 31. desember 2020

	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Annað eigið fé	Bundinn hlutdeildar- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2019	4.560.509	1.165.022	174.799	515.821	67.644.201	74.060.352
Arður til hluthafa EUR 0,21 á hlut					(950.000)	(950.000)
Hagnaður ársins					12.083.793	12.083.793
Fært á bundið eigið fé				295.026	(295.026)	0
Þýðingarmismunur			265.041			265.041
Eigið fé 31.12.2019	4.560.509	1.165.022	439.840	810.847	78.482.969	85.459.186
Eigið fé 1.1.2020	4.560.509	1.165.022	439.840	810.847	78.482.969	85.459.186
Arður til hluthafa EUR 0,21 á hlut					(950.000)	(950.000)
Hagnaður ársins					8.756.687	8.756.687
Keypt eigin bréf	(9)				(178)	(187)
Fært á bundið eigið fé				827.810	(827.810)	0
Áhrif áhættuvarna			(69.471)			(69.471)
Þýðingarmismunur			(2.878.539)			(2.878.539)
Eigið fé 31.12.2020	4.560.500	1.165.022	(2.508.171)	1.638.656	85.461.669	90.317.676

Annað eigið fé sundurliðast þannig:

	Þýðingar- munur	Áhættu- varnir	Annað eigið fé samtals
Annað eigið fé 1.1.2019	174.799		174.799
Þýðingarmismunur	265.041		265.041
Annað eigið fé 31.12.2019	439.840	0	439.840
Annað eigið fé 1.1.2020	439.840	0	439.840
Þýðingarmismunur	(2.878.539)		(2.878.539)
Áhrif áhættuvarna		(69.471)	(69.471)
Annað eigið fé 31.12.2020	(2.878.539)	(69.471)	(2.508.171)

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Rammi hf. "félagið", er útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki með aðsetur á Íslandi. Höfuðstöðvar félagsins eru að Gránugötu 1-3 á Siglufirði. Ársreikningur Ramma hf. fyrir árið 2020 hefur að geyma samstæðureikning Ramma hf. og dótturfélaga þess Arctic Seafood Ltd., Primex ehf. og Sigurbjörn ehf. "samstæðan". Ársreikningurinn greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit og skýringar.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um reikningsskilastaðla

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

b. Grundvöllur matsaðferða

Ársreikningur samstæðunnar er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskyldu að aðleiður eru færðar á gangvirði

c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er birtur í evrum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

d. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreikninga þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna síðan að verða frábrugðnar þessu mati.

Mat og ályktanir því til grundvallar eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem áhrif breytinganna vara.

3. Helstu reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem er lýst hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabil sem koma fram í ársreikningi samstæðunnar.

a. Grundvöllur samstæðu

(i) Dótturfélög

Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yfiráð. Yfiráð eru til staðar þegar samstæðan hefur vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu félags í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þess. Við mat á yfiráðum er tekið tillit til mögulegs atkvæðisréttar sem þegar er nýtanlegur. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í samstæðureikningsskilum frá því að yfiráð hefjast þar til þeim lýkur.

(ii) Viðskipti felld út við gerð samstæðureiknings

Viðskipti milli samstæðufélaga, stöður milli þeirra og óinnleystar tekjur og gjöld sem myndast hafa í viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð samstæðureikningsins. Óinnleystur hagnaður sem hefur myndast í viðskiptum við hlutdeildarfélög er felldur út í samræmi við eignarhlut samstæðunnar í félögunum. Óinnleystur hagnaður sem myndast hefur í viðskiptum við hlutdeildarfélög er færður til lækkunar á bókfærðu verði þeirra. Óinnleyst tap er fært út með sama hætti og óinnleystur hagnaður, en aðeins að því marki að ekkert bendi til virðisryrnunar þessara félaga.

b. Erlendir gjaldmiðlar

(i) Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum

Viðskipti í öðrum gjaldmiðlum en evru eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í öðrum gjaldmiðlum en evru eru færðar miðað við gengi í lok ársins. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

(ii) Erlend starfsemi

Eignir og skuldir erlendar starfsemi eru umreiknaðar í evrum miðað við gengi uppgjörsdags. Tekjur og gjöld erlendar starfsemi eru umreiknuð í evrum á meðalgengi ársins. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í evrum er færður á sérstakan lið í yfirliti um heildarafkomu. Þegar starfsemi er seld, að hluta til eða öllu leyti, er tengdur gengismunur fluttur í rekstrarreikning.

Skýringar, frh.:

3. Helstu reikningsskilaaðferðir, frh.:

c. Fjármálagerningar

(i) Fjármálagerningar aðrir en afleiður

Til fjármálagerninga sem ekki eru afleiðusamningar, teljast fjárfestingar í hlutabréfum og skuldabréfum, viðskiptakröfur og aðrar kröfur, handbært fé, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Fjármálagerningar sem ekki teljast afleiðusamningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Fjármálagerningar eru færðir ef samstæðan gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum viðkomandi fjármálagernings. Fjáreignir eru felldar út ef samningsbundinn réttur samstæðunnar að sjóðstreymi vegna fjáreignanna rennur út eða þegar samstæðan yfirfærir fjáreignirnar til annars aðila án þess að halda eftir yfirráðum eða áhættu og ávinningi sem í eignarhaldi þeirra felst. Bókhaldsskráning vegna hefðbundinna kaupa og sölu á fjáreignum er gerð á viðskiptadegi, þ.e. á þeim degi sem samstæðan skuldbindur sig til að kaupa eða selja eignina. Fjárskuldbindingar eru felldar út úr ársreikningi ef þær skuldbindingar sem skilgreindar eru í samningi falla úr gildi, er vísað frá eða ógiltar.

Óbundnar bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

Vaxtaberandi lán eru upphaflega færð á gangvirði að frádregnum tilheyrandi kostnaði vegna þeirra. Eftir upphaflega færslu eru vaxtaberandi lán færð upp miðað við virka vexti. Lán í öðrum myntum en uppgjörsmýnt eru færð miðað við gengi viðkomandi gjaldmiðla í lok árs. Næsta árs afborganir af vaxtaberandi lánum eru færðar meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

Í skýringu 3 (I) er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum vegna fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

(ii) Afleiðusamningar

Afleiðusamningar eru upphaflega færðir á gangvirði. Beinn viðskiptakostnaður vegna þeirra er færður í rekstrarreikning eftir því sem hann fellur til. Eftir upphaflegaskráningu eru afleiðusamningar færðir á gangvirði í efnahagsreikning og gangvirðisbreytingar færðar í rekstrarreikning meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

(iii) Áhættuvarnarreikningsskil

Samstæðan hefur gert afleiðusamninga um kaup á olíu til að verja áætluð framtíðareldsneytiskaup fyrir sveiflum í eldsneytisverði. Samstæðan beitir áhættuvarnarreikningsskilum við færslu samninga sem ætlað er að verja sjóðsflæði samstæðunnar vegna áætlaðra framtíðarinnkaupa og sem skilgreint hefur verið sem áhættuvarnarsamband. Hagnaður eða tap af afleiðusamningi, sem skilgreindur er sem áhættuvarnarsamningur, er færður til hækkunar eða lækkunar á eldsneytiskaupum eftir því sem við á við innlausn samnings. Óinnleystur hagnaður eða tap afleiðu sem er virk áhættuvörn er færður á eigið fé til samræmis við áhættuvarnarreikningsskil vegna sjóðsflæðisvarna að frádregnum skattáhrifum.

Ef áhættuvarnarafleiðan rennur út, er seld, sagt upp eða nýtt eða ef áhættuvörnin uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir beitingu áhættuvarnarreikningsskila, eða ef áhættuvarnarsambandið er afturkallað, þá er beitingu áhættuvarnarreikningsskila hætt frá þeim tímapunkti.

(iv) Hlutafé

Kaup á eigin hlutum

Þegar hlutir sem flokkaðir eru sem eigið fé eru keyptir er fjárhæð kaupverðsins, að meðtöldum beinum kostnaði, færð til lækkunar á eigin fé.

Skýringar, frh.:

3. Helstu reikningsskilaaðferðir, frh.:

d. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun.

Kostnaður sem fellur til vegna fjárfestingar í rekstrarfjármunum er eignfærður þegar sá kostnaður fellur til, ef líklegt er að framtíðarhagnaður sem felst í eigninni muni renna til samstæðunnar og ef hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

	Nýtingartími	Hrakvirði
Fasteignir	13-25 ár	10%
Fiskiskip	4-20 ár	0-10%
Vélar og tæki	4-13 ár	10%

Niðurlagsverð er endurmetið árlega nema þegar um óverulegar fjárhæðir er að ræða.

e. Óefnislegar eignir

Aflaheimildir

Aflaheimildir eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun. Aflaheimildir eru ekki afskrifaðar línulega, en árlega er framkvæmt virðisrýrnunarpróf og byggir það annars vegar á væntu markaðsverði keyptra aflaheimilda og núvirtu sjóðsflæði sjóðsskapandi rekstrareiningar. Mat á virði aflaheimilda er grundvallað á nógildandi lögum um stjórn fiskveiða og lögum um veiðigjald og væntingum stjórnenda um rekstur næstu ára.

f. Virðisrýrnun

Bókfært verð annara eigna samstæðunnar en peningalegra eigna er yfirfarið á hverjum uppgjörsdegi til að meta hvort vísbending sé um virðisrýrnun. Ef eitthvað bendir til þess er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar áætluð.

Virðisrýrnun er færð hvenær sem bókfært verð eignar eða sjóðsskapandi hluta hennar er umfram endurheimtanlega fjárhæð hennar.

Endurheimtanleg fjárhæð eigna er söluverð þeirra eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er metið út frá væntu framtíðarfjárflæði sem er núvirt með vöxtum sem endurspeglar markaðsvexti og þá áhættu sem fylgir einstökum eignum.

Virðisrýrnun eigna er bakfærð ef breyting hefur átt sér stað á mati sem notað var við útreikning á endurheimtanlegri fjárhæð.

Virðisrýrnun er einungis bakfærð að því marki sem nemur áður færðri virðisrýrnun að teknu tilliti til afskrifta.

g. Fjárfestingar

Eignarhlutir í félögum öðrum en hlutdeildarfélögum eru færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til virðisrýrnunar.

Skuldabréf eru færð til eignar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun. Vaxtatekjur af skuldabréfum eru færðir í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

h. Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun. Virðisrýrnun vegna viðskiptakrafna er færð á árinu og er hún færð til gjalda í rekstrarreikningi. Næsta árs afborganir af skuldabréfaeign eru færðar með viðskiptakröfum meðal veltufjármuna í efnahagsreikningi.

Skýringar, frh.:

3. Helstu reikningskilaaðferðir, frh.:

i. Birgðir

Birgðir í efnahagsreikningi eru metnar samkvæmt eftirfarandi meginreglum:

- Afurðir eru metnar til eignar við áætluðu meðalframleiðsluverði, sem samanstendur af beinum og óbeinum framleiðslukostnaði. Afurðabirgðir í dótturfélaginu Primex ehf. eru metnar á beinu framleiðslukostnaðarverði.

- Rekstrarvörubirgðir eru metnar á síðasta innkaupsverði, en undirslegin veiðarfæri eru þó metin að hámarki á 20% af kaupverði.

j. Tekjur

Aflaverðmæti frystitogara og framleiðsla landvinnslu er tekjufærð á áætluðu skilaverði í bókhaldi félagsins. Við endanlega sölu eru tekjur leiðréttar til samræmis við endanlegt skilaverð. Tekjur í dótturfélaginu Primex ehf. eru bókaðar á beinu framleiðslukostnaðarverði við framleiðslu. Við endanlega sölu eru tekjur leiðréttar til samræmis við endanlegt söluverð.

Aðrar tekjur eru færðar þegar vara hefur verið afhent eða þjónusta innt af hendi. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra, tengdan kostnað eða að líklegt sé að vöru verði skilað.

k. Útgjöld

(i) Kostnaðarverð seldra vara

Kostnaðarverð seldra vara samanstendur af kostnaði við útgerð og landvinnslu félagsins og framleiðslukostnaði í dótturfélaginu Primex ehf., þar með töldum launakostnaði og afskriftum fiskiskipa, húsnæðis og tækja.

(ii) Útflutningskostnaður

Útflutningskostnaður samanstendur af kostnaði við útflutning á seldum vörum samstæðunnar s.s flutningskostnaði og vátryggingum.

(iii) Sameiginlegur rekstrarkostnaður

Sameiginlegur rekstrarkostnaður samkvæmt rekstrarreikningi samanstendur af skrifstofu- og stjórnunarkostnaði, launakostnaði, niðurfærslu skammtímakrafna og ýmsum öðrum kostnaði.

l. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum og gengismun af eignum í öðrum gjaldmiðlum. Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtagjöldum og verðbótum af lánum, gengismun af skuldum í öðrum gjaldmiðlum og öðrum fjármagnskostnaði.

m. Tekjuskattur

Tekjuskattur ársins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé en í þeim tilvikum er tekjuskattur færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörstegi.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundins mismunar á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggist á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundinn mismunur kemur til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörstegi.

Tekjuskattur er ekki reiknaður vegna varanlegs mismunar sem myndast hefur við samruna félaga og skilgreindur hefur verið sem aflaheimildir þar sem slíkar eignir eru ekki frádráttarbærar samkvæmt skattalögum.

Skýringar, frh.:

3. Helstu reikningskilaaðferðir, frh.:

m. Tekjuskattur, frh.:

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni sem unnt verður að nýta eignina á móti. Skatteign er metin á hverjum uppgjörstigi og lækkuð að því marki sem talið er líklegt að hún nýtist ekki. Tekjuskattshlutfall félagsins er 20%.

n. Hagnaður á hlut

Í ársreikningnum er sýndur grunnhagnaður á hlut sem og þynntur hagnaður á hlut. Grunnhagnaður á hlut er miðaður við hagnað, sem ráðstafað er til hluthafa í móðurfélaginu og vegins meðaltals hlutafjár á árinu og sýnir hver hagnaðurinn er á hverja evru hlutafjár. Þynntur hagnaður á hlut er hinn sami og grunnhagnaður á hlut, þar sem ekki hafa verið gefnir út kaupréttir til starfsmanna eða annarra og samstæðan hefur ekki tekið lán sem eru breytanleg í hlutafé.

o. Starfspáttayfirlit

Starfspáttayfirlit samstæðunnar er byggt á rekstrarstarfspáttum. Rekstrartekjur starfspáttá taka til þátta sem heyra beint undir ákveðna starfspætti og til þeirra liða sem hægt er að skipta á milli starfspáttá á rökrænan hátt. Eignum og skuldum samstæðunnar er ekki skipt eftir starfspáttum. Í þeim tilvikum sem skip samstæðunnar afla hráefnis til eigin vinnslu er aflaverðmætið tekjufært hjá útgerðarsviði við löndun afla. Tekjur Primex ehf. eru meðtaldar í vinnslu.

4. Starfspáttayfirlit

2020	Útgerð	Vinnsla	Jöfnunar- færslur	Samtals
Rekstrartekjur frá viðskiptavinum	39.475.896	17.856.613	0	57.332.509
Rekstrartekjur innan samstæðu	5.738.089	0	(5.738.089)	0
Rekstrartekjur samtals	45.213.984	17.856.613	(5.738.089)	57.332.509
2019				
Rekstrartekjur frá viðskiptavinum	42.269.845	24.519.534	0	66.789.379
Rekstrartekjur innan samstæðu	6.402.469	0	(6.402.469)	0
Rekstrartekjur samtals	48.672.314	24.519.534	(6.402.469)	66.789.379

5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2020	2019
Laun	18.054.984	18.799.811
Mótframlag í lífeyrissjóð	1.900.128	1.998.957
Önnur launatengd gjöld	1.693.987	1.791.723
Laun og launatengd gjöld samtals:	21.649.099	22.590.491
Ársverk	164	168
Laun og launatengd gjöld greinast þannig á rekstrarliði:		
Kostnaðarverð seldra vara	19.954.394	20.840.315
Sameiginlegur rekstrarkostnaður	1.694.704	1.750.176
Laun og launatengd gjöld samtals:	21.649.099	22.590.491

Laun framkvæmdastjóra Ramma hf. námu á árinu 161 þúsund evrum, laun til stjórnarformanns námu 30 þúsund evrum og laun til annara stjórnarmanna samtals 75 þúsund evrum. Engin laun voru greidd vegna Arctic Seafood ltd. og Sigurbjarnar ehf. Laun framkvæmdastjóra Primex ehf. námu á árinu 108 þúsund evrum, engin stjórnarlaun eru greidd í Primex ehf.

Skýringar, frh.:

6. Þóknarir til endurskoðenda	2020	2019
Þóknarir til endurskoðenda greinast þannig:		
Endurskoðun ársreiknings	51.095	36.593
Könnun árshlutareikninga	7.253	10.271
Önnur þjónusta	23.851	32.991
	<u>82.199</u>	<u>79.855</u>

7. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur

Vaxtatekjur	14.886	42.295
Áhrif eignarhluta í félögum	6.588	5.746
Gengismunur	(137.888)	349.596
Fjármunatekjur samtals	<u>(116.414)</u>	<u>397.637</u>

Fjármagnsgjöld

Vaxtagjöld	(1.666.227)	(1.187.789)
Gengismunur	(813.764)	185.444
Áhrif eignarhluta í félögum	(110.600)	(397.705)
Fjármagnsgjöld samtals	<u>(2.590.592)</u>	<u>(1.400.050)</u>
Hrein fjármagnsgjöld	<u>(2.707.006)</u>	<u>(1.002.413)</u>

8. Tekjuskattur

Félagið skilar skattframtali í íslenskum krónum (ISK) en semur reikningsskil sín í evrum. Þetta leiðir til þess að gengismunur getur myndast vegna frestaðs tekjuskatts. Virkt tekjuskattshlutfall samstæðunnar á árinu 2020 var 17,83% (2019: 19,94%).

Tekjuskattur í rekstri

Tekjuskattur móðurfélags	(1.496.155)	(2.918.637)
Tekjuskattur dótturfélaga	(404.072)	(91.313)
	<u>(1.900.227)</u>	<u>(3.009.951)</u>

Virkur tekjuskattur greinist þannig:	2020	2019
Hagnaður fyrir tekjuskatt	10.656.915	15.093.744
Tekjuskattur skv. gildandi skatthlutfalli	20,00% (2.131.383)	20,00% (3.018.749)
Gengismunur vegna skattframtals í ISK	(2,85%) 303.852	(0,47%) 70.261
Áhrif eignarhluta	0,20% (20.802)	0,52% (78.392)
Áhrif mismunandi tekjuskattshlutfalls	(0,04%) 3.794	(0,06%) 9.069
Leiðrétting vegna fyrri ára	(0,02%) 2.537	0,00% 0
Aðrir liðir	0,55% (58.225)	(0,05%) 7.860
Virkur tekjuskattur	<u>17,83% (1.900.227)</u>	<u>19,94% (3.009.951)</u>

Skýringar, frh.:

9. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Fasteignir	Fiskiskip	Áhöld og tæki	Samtals
Kostnaðarverð				
Heildarverð 1.1.2020	15.180.179	54.032.062	15.871.960	85.084.202
Viðbætur ársins	15.659	48.411	733.195	797.265
Selt á árinu	(50.479)	(234.274)	(194.837)	(479.589)
Áhrif gengisbreytinga	(263.208)	(32.983)	(574.256)	(870.447)
Heildarverð 31.12.2020	14.882.152	53.813.216	15.836.062	84.531.430
Afskriftir og virðisrýrnun				
Afskrifað alls 1.1.2020	12.647.302	17.676.500	12.626.474	42.950.276
Bókuð virðisrýrnun 1.1.2020	795.100	0	353.598	1.148.698
Afskriftir ársins	103.146	2.348.328	412.386	2.863.860
Selt á árinu	0	0	(140.406)	(140.406)
Áhrif gengisbreytinga	(184.522)	0	(486.000)	(670.521)
Afskrifað og virðisrýrnun alls 31.12.2020	13.361.027	20.024.828	12.766.052	46.151.907
Bókfært verð				
1.1.2020	1.737.777	36.355.562	2.891.888	40.985.227
31.12.2020	1.521.124	33.788.388	3.070.010	38.379.523
Afskriftahlutföll	4-8%	6-20%	8-33%	
			2020	2019
Afskriftir skiptast þannig á rekstrarliði:			1.1. - 31.12.	1.1. - 31.12.
Kostnaðarverð seldra vara			2.813.406	2.681.030
Sameiginlegur rekstrarkostnaður			50.454	51.820
Afskriftir samtals			2.863.860	2.732.850

Fasteignamat mannvirkja samstæðunnar nam samtals EUR 6,4 milljónir í árslok. Á sama tíma var brunabótamat fasteigna samstæðunnar EUR 23,7 milljónir og váttryggingarverð skipa EUR 52,4 milljónir

10. Veðsetningar og ábyrgðaskuldbindingar

Á eignum samstæðunnar hvíla tryggingarbréf og veðsetningarbann til tryggingar skuldum að eftirstöðvum EUR 53,8 milljónir í lok árs 2020.

11. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir samanstanda af aflaheimildum og viðskiptavild og greinast þannig:

	Aflaheimildir	Samtals
Óefnislegar eignir 1.1.2020	103.815.497	103.815.497
Gengismunur	(3.407.092)	(3.407.092)
Óefnislegar eignir 31.12.2020	100.408.404	100.408.404
Bókfært verð		
1.1.2020	103.815.497	103.815.497
31.12.2020	100.408.404	100.408.404

Keyptar aflaheimildir eru færðar til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði sem óefnislegar eignir með ótakmarkaðan líftíma og er framkvæmt virðisrýrnunarpróf á þeim að minnsta kosti árlega.

Skýringar, frh.:

11. Óefnislegar eignir, frh.:

Í árslok 2020 var framkvæmt virðisrýrnunarpróf á aflaheimildum félagsins með því að reikna endurheimtanlegt virði þeirra. Niðurstaða virðisrýrnunarprófsins leiddi ekki til virðisrýrnunar á aflaheimildum.

Við mat á hugsanlegri virðisrýrnun var bókfært verð aflaheimilda borið saman við vænt söliverð í árslok 2020. Niðurstaða þessa samanburðar var að vænt söliverð væri mun hærra en bókfært verð og því ekki ástæða til virðisrýrnunar.

Niðurstaða virðisrýrnunarprófs miðað við gildandi lög á uppgjörsdegi, áætlanir um afkomu og fjárfestingar næstu ár leiða ekki til þess að í ársreikningi 2020 sé færð virðisrýrnun á aflaheimildir félagsins. Verði gerðar breytingar á gildandi lögum um fiskveiðistjórnun eða lögum um veiðigjöld kann niðurstaða virðisrýrnunarprófs að verða önnur.

Aflaheimildir samstæðunnar innan lögsögu greinast þannig eftir tegundum:

	Úthlutaðar heimildir tonn	Óveidd tonn 31.12.2020
Þorskur	8.714	6.394
Ufsi	2.335	2.234
Ýsa	1.228	505
Gullkarfi	994	932
Grálúða	846	695
Rækja	648	712
Djúpkarfi	379	409
Skarkoli	356	269
Langlúra	247	194
Steinbítur	112	71
Skötuselur	36	23
Langa	29	(5)
Þykkvalúra	22	13
Sandkoli	19	27
Gulllax	19	17
Hlýri	5	(0)
Blálanga	4	0
Litli karfi	4	5
Skrápfúra	2	3
Keila	1	1
Rækja við Snæfellsnes	0	69
Humar	0	3
Samtals aflaheimildir í þorskígildum	15.528	12.145

Úthlutun aflaheimilda í íslenski fiskveiðilögsögu fer fram árlega og byggir á ákvæðum laga um stjórn fiskveiða. Sjávarútvegsráðherra ákveður með reglugerð þann heildarafla sem veiða má úr þeim nytjastofnum sem nauðsynlegt er talið að takmarka veiðar á.

Samstæðunni hefur verið úthlutað fyrir árið 2020 aflaheimildum sem nema 422 tonnum af þorski í norski lögsögu og 556 tonnum af þorski og 49 tonnum af ýsu í rússneski lögsögu og 991 tonni af makríl. Ekki liggur fyrir úthlutun í humri og rækju við Snæfellsnes.

Útreikningur á þorskígildum miðast við margfeldisstuðla sem gefnir eru út af sjávarútvegsráðuneytinu.

Skýringar, frh.:

12. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum greinast þannig:	31.12.2020	31.12.2019
Eignarhlutir í níu (2019: átta) félögum	591.036	684.187
Samtals eignarhlutir í félögum	591.036	684.187

13. Birgðir

Birgðir samstæðunnar greinast þannig:		
Afurðabirgðir	6.666.833	6.065.877
Hráefnis- og rekstrarvörubirgðir	1.220.128	1.742.089
Birgðir samtals	7.886.961	7.807.966

14. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig:		
Viðskiptakröfur	5.330.872	5.816.475
Aðrar skammtímakröfur	557.361	547.116
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals	5.888.233	6.363.591

15. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

16. Eigið fé

Hlutfé

Heildarhlutfé Ramma hf. samkvæmt samþykktum þess nam EUR 4.660.088 í lok árs. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar evru hluta í félaginu auk réttar til arðgreiðslu.

Samstæðan á eigin bréf að nafnverði EUR 99.588 (2,14% af heildarhlutfé).

Lögbundinn varasjóður

Hlutfélagum er skylt að leggja minnst tíu prósent þess hagnaðar, sem ekki fer til þess að jafna hugsanlegt tap fyrri ára og ekki er lagt í aðra lögbundna sjóði, í lögbundinn varasjóð uns hann nemur tíu prósentum hlutafjárins. Þegar því marki hefur verið náð skulu framlög vera minnst fimm prósent þar til sjóðurinn nemur einum fjórða hluta hlutafjárins. Heimilt er að nota varasjóð til að jafna tap sem ekki er unnt að jafna með færslu úr öðrum sjóðum. Þegar varasjóður nemur meiru en einum fjórða hluta hlutafjárins er heimilt að nota fjárhæð þá sem umfram er til þess að hækka hlutféð eða, sé fyrir mæla 53. gr. laga nr. 2/1995 um hlutfélög gætt, til annarra þarfa.

Annað eigið fé

Til annars eigin fjár telst þýðingarmunur sem inniheldur gengisbreytingar vegna dótturfélaga og áhrif áhættuvarna á uppgjörssdegi.

Bundinn hlutdeildarreikningur

Bundinn hlutdeildarreikningur inniheldur hlutdeild í hagnaði dótturfélaga sem er umfram móttækinn eða úthlutaðan arð frá viðkomandi félögum á undirritunardegi.

Arður

Á aðalfundi félagsins 6. mars 2020 var samþykkt tillaga um að greiða arð að fjárhæð EUR 950.000 á árinu 2020 og var hann greiddur hluthöfum 27. ágúst 2020.

Skýringar, frh.:

17. Hagnaðarhlutur

Grunnhagnaður á hlut er miðaður við hagnað, sem ráðstafað er til hluthafa í félaginu og vegins meðaltals hlutafjár á árinu og sýnir hver hagnaðurinn er á hverja krónu hlutafjár. Þynntur hagnaður á hlut er hinn sami og grunnhagnaður á hlut, þar sem ekki hafa verið gefnir út kaupréttir til starfsmanna eða annarra og samstæðan hefur ekki tekið lán sem eru breytanleg í hlutafé.

Hagnaðarhlutur er hlutfall hagnaðar og vegins meðaltals fjölda hluta:	2020	2019
Hreinn hagnaður.....	8.756.687	12.083.793
Fjöldi hluta í upphafi árs.....	4.560.509	4.560.509
Áhrif kaupa á eigin bréfum..... (1)	0
Vegjð meðaltal fjölda hluta á árinu.....	4.560.508	4.560.509
Hagnaðarhlutur.....	1,92	2,65

18. Vaxtaberandi lán

Vaxtaberandi lán greinast þannig: **31.12.2020** **31.12.2019**

Langtímalán

Veðtryggð bankalán 38.234.736 18.658.492
38.234.736 18.658.492

Skammtímaskuldir

Næsta árs afborgun tryggðra lána 6.103.363 34.189.170
Skammtímaskuldur 9.500.000 11.504.755
15.603.363 45.693.925

Sundurliðun tryggðra lána samstæðunnar

Tryggð lán í EUR 44.338.099 52.383.965
Tryggð lán í CHF 0 463.697
Langtímalán samtals, þ.m.t. næsta árs afborgun 44.338.099 52.847.662
Næsta árs afborgun (6.103.363) (34.189.170)
Samtals 38.234.736 18.658.492

Samningsbundnar afborganir langtímalána greinast þannig á næstu ár:

Afborgun 2020	-	34.189.170
Afborgun 2021	6.103.363	3.395.671
Afborgun 2022	6.103.363	3.395.671
Afborgun 2023	23.383.039	3.075.346
Afborgun 2024	8.301.905	8.301.905
Afborgun 2025	446.429	489.898
Samtals	44.338.099	52.847.662

Í apríl 2020 var gengið frá endurfjármögnun á EUR 27,1 milljón til þriggja ára. Engin brot eru eða eru fyrirsjáanlega á fjárhagslegum skilyrðum í lánsamningum félagsins í árslok 2020. Fjárhagsleg skilyrði lánsamninga eru tilgreind í skýringu 24.

Skýringar, frh.:

	31.12.2020	31.12.2019
19. Tekjuskattsskuldbinding		
Tekjuskattsskuldbinding samstæðunnar greinist þannig:		
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun	9.609.116	7.903.409
Yfirtekið við kaup á dótturfélagi	0	628.794
Gengismunur vegna dótturfélaga	(90.671)	13.645
Reiknaður tekjuskattur	1.900.227	3.009.951
Leiðrétting vegna fyrra árs	(212)	7.646
Aðrar breytingar	(126.800)	86.146
Tekjuskattur til greiðslu	(1.155.378)	(2.040.475)
Tekjuskattsskuldbinding í lok árs	10.136.283	9.609.116
Tekjuskattsskuldbinding skiptist á eftirfarandi liði í efnahagsreikningi:		
Rekstrarfjármunir	3.890.789	2.947.352
Óefnislegar eignir	7.334.504	6.922.009
Frestaður gengismunur	(1.177.705)	(361.477)
Yfirfæranlegt tap	(3.619)	0
Áhættuvarnir	(17.368)	0
Aðrir liðir	109.683	101.232
Tekjuskattsskuldbinding í lok árs	10.136.283	9.609.116
20. Skatteign		
Skatteign samstæðunnar greinist þannig:		
Rekstrarfjármunir	(7.790)	(8.623)
Frestaður gengismunur	(5.759)	(10.299)
Yfirfæranlegt skattalegt tap	3.619	145.037
	(9.930)	126.115
Fært á tekjuskattsskuldbindingu	9.930	0
	0	126.115
Ójafnað skattalegt tap samstæðunnar greinist þannig í lok árs:		
Tap ársins 2016, nýtanlegt til ársloka 2026	0	324.835
Tap ársins 2017, nýtanlegt til ársloka 2027	0	108.557
Tap ársins 2018, nýtanlegt til ársloka 2028	0	119.513
Tap ársins 2019, nýtanlegt til ársloka 2029	18.097	172.263
	18.097	725.167
21. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:		
Viðskiptaskuldir	1.726.078	2.128.638
Ógreidd laun og launatengdur kostnaður	1.692.163	1.441.564
Skuldbinding vegna áhættuvarna	86.839	0
Annar ógreiddur kostnaður	318.692	324.168
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals	3.823.773	3.894.370
22. Áhættustjórnun		

Áhætta vegna viðskiptakrafna, vaxta og gjaldmiðla tengist reglubundinni starfsemi samstæðunnar. Félagið hefur metið helstu áhættur í rekstri með aðstoð fjármálafyrirtækis. Helstu áhættur voru metnar gengisþróun ISK, gengisþróun EUR gagnavart GBP og breytingar á öliuverði.

Áhætta vegna viðskiptakrafna

Stjórnendur fylgjast reglulega með innheimtu viðskiptakrafna. Mat á innheimtanleika er unnið reglulega og kröfur færðar niður ef talið er líklegt að þær muni ekki innheimast. Í sögulegu ljósi hefur útlánatap verið óverulegt. Í árslok 2020 nemur óbein niðurfærsla viðskiptakrafna EUR 0,04 millj. (2019: EUR 0,07 millj.) og á árinu 2020 voru EUR 0,04 millj. afskrifaðar (2019: 0).

Skýringar, frh.:

22. Áhættustjórnun, frh.:

Gjaldmiðlaáhætta

Tekjur félagsins eru að mestu í EUR, GBP, USD og JPY en meginhluti skulda samstæðunnar eru í EUR. Félagið leitast við að lágmarka áhættu af breytingum á gengi gjaldmiðla, sérstaklega gagnvart helstu áhættum eins og gengisþróun ISK og gengi EUR gagnvart GBP. Félagið hefur ekki gert afleiðusamninga á árinu 2020 vegna gjaldmiðlaáhættu.

Olíuverðsáhætta

Félagið hefur fest verð á hluta af væntri olíunotkun ársins 2021 með framvirkum samningum, eða um 25% af áætlaðri olíunotkun til loka júní 2021.

Vaxtaáhætta

Allar vaxtaberandi skuldir samstæðunnar eru á fljótandi vöxtum, þar af er 81,1% með núll vaxtafót. Félagið hefur ekki varið sig gegn vaxtaáhættu með notkun afleiðusamninga.

23. Tengdir aðilar

Hluthafar, hlutdeildarfélag, stjórnarmenn og stjórnendur teljast vera tengdir aðilar samstæðunnar.

Marteinn Haraldsson ehf. er eigandi 38,88% hlutafjár, engin viðskipti eru við félagið.

Samstæðan átti ekki í viðskiptum við stjórnarmenn, framkvæmdastjóra eða félag sem þessir aðilar eiga að fullu.

Dótturfélög Ramma hf. eru Arctic Seafoold Ltd. í Englandi, Primex ehf. á Siglufirði og Sigurbjörn ehf. í Grímsey, félagin eru öll 100% í eigu Ramma hf. Hagnaður var af starfsemi Arctic Seafoold Ltd. að fjárhæð GBP 273 þúsund, af starfsemi Primex ehf. að fjárhæð ISK 82,2 milljónir og af starfsemi Sigurbjarnar ehf. að fjárhæð ISK 80,5 milljónir.

24. Kennitölur

Eiginfjárlutfall	56,7%	51,7%
Vaxtaberandi skuldir / EBITDA	3,32	3,42
Nettó vaxtaberandi skuldir / EBITDA	2,96	3,14
Lánaþekja	2,02	2,28
Skuldaþol móðurfélags (e. Debt Service Capacity)	1,25	1,59

Ársfjórðungayfirlit

Rekstur samstæðunnar greinist þannig á ársfjórðunga:

Frá október 2019 til desember 2020

	4. árs- fjórðungur 2020	3. árs- fjórðungur 2020	2. árs- fjórðungur 2020	1. árs- fjórðungur 2020	4. árs- fjórðungur 2019
Rekstrartekjur	12.466.401	15.744.313	14.379.066	14.742.729	17.200.443
Kostnaðarverð seldra vara	(9.271.381)	(10.289.439)	(9.854.297)	(10.870.737)	(13.019.230)
Framlegð	3.195.020	5.454.874	4.524.769	3.871.992	4.181.213
Aðrar rekstrartekjur	3.668	3.322	4.258	4.353	3.880
Útflutningskostnaður	(299.599)	(346.707)	(251.377)	(298.380)	(345.519)
Sameiginlegur rekstrar- kostnaður	(658.372)	(541.195)	(555.631)	(747.075)	(764.027)
Rekstrarhagnaður	2.240.718	4.570.293	3.722.019	2.830.890	3.075.547
Hrein fjármagnsgjöld	(652.687)	(612.954)	(577.006)	(864.359)	(4.602)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	1.588.031	3.957.339	3.145.013	1.966.532	3.070.945
Tekjuskattur	(651.082)	(670.459)	(604.520)	25.834	(600.816)
Hagnaður.....	936.949	3.286.880	2.540.493	1.992.365	2.470.129
EBITDA	2.963.484	5.282.882	4.439.827	3.541.588	3.805.491

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf, óendurskoðað

Viðskiptalíkan

Rammi hf. er íslenskur lögaðili sem á fiskiskip með aflahlutdeild samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða og lögum um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og telst vera stórt félag í skilningi d-liðar 11. tölul., 2. gr., laga nr. 3/2006 um ársreikninga og telst vera stórt félag samkvæmt sömu lagagrein.

Félagið er útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki sem gerir út fjögur fiskiskip frá Ólafsfirði, Siglufirði og Þorlákshöfn auk þess starfrækir félagið bolfisk- og humarvinnslu í Þorlákshöfn og rækjuvinnslu á Siglufirði. Rammi hf. er eigandi sjávarlíftækni félagsins Primex hf. sem rekur kítósanverksmiðju á Siglufirði, Arctic Seafood Ltd. sem er söluvyrirtæki Ramma í Bretlandi og Sigurbjarnar ehf. í Grímsey sem á aflaheimildir.

Viðskiptalíkan félagsins snýst um sjálfbærar fiskveiðar, vinnslu fiskafurða og sölu, að megninu til á erlenda markaði. Tekjur félagsins skiptast nokkuð jafn milli Bretlands og annarra Evrópuríkja. Tekjur frá Bandaríkjunum hafa verið aukast en tekjur af Asíumarkaði eru minni en á hinum landsvæðunum. Heilt yfir er eftirspurn eftir sjávarafurðum að aukast á heimsvísu og þá sérstaklega sjávarafurðum sem veiddar eru með ábyrgum eða sjálfbærum hætti t.d. úr MSC vottuðum fiskistofnum. Þá er meiri áhersla lögð á rekjanleika afurðanna.

Miklar kröfur eru í Bretlandi að kaup á sjávarafurðum séu keyptar af breskum lögaðilum. Brexit virðist ekki hafa teljandi áhrif á starfsemi félagsins eða dótturfélaga.

Rammi og dótturfélög fylgjast vel með fyrrgreindri þróun og að aðlaga viðskiptalíkon sín að breyttum aðstæðum, hvort sem er pólitískum aðstæðum eins og Brexit eða breyttri neytendahegðun hvað varðar sjálfbærar sjávarafurðir.

Stefnur

Rammi hefur ekki sett sér skriflega stefnur hvað varðar ófjárhagslega þætti, sjálfbærni eða UFS mál (umhverfis- og félagslegir þættir og stjórnarhættir). Rammi hefur undirritað stefnu Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) um samfélagsábyrgð ásamt flestum sjávarútvegsfyrirtækjum landsins og sú stefna verður meginstefna Ramma. Ætlunin er að endurskoða stefnumál félagsins næstu misseri með það að sjónarmiði hvaða stefnur félagið sjálf setur sér og hvar ætlunin er að fylgja öðrum stefnum s.s. stefnum SFS.

Nánari upplýsingar um Ramma og Primex má finna á heimasíðu félaganna, www.rammi.is og www.primex.is

Áreiðanleikakönnunarferli

Stjórnendur félagsins fylgja hinum ýmsu ferlum og kerfum til að tryggja bæði gæði afurða og gæði upplýsinga.

Félagið vinnur að jafnlaunavottun sem ætlað er að tryggja réttar upplýsingar varðandi laun og kynjahlutföll. Félagið hefur sett sér öryggisstefnu og fengið ráðgjöf við að kortleggja og benda á hvernig öryggismál félagsins geti verið betri, t.d. að bæta atvikaskráningu. Ýmis gæðakerfi er snúa að virðisikeðjunni, innkaupum á hráefni, móttöku framleiðslu, pökkun, merkingu og afhendingu eru til staðar. Margir af þeim þáttum sem eru skoðaðir reglulega í úttektarplani félagsins á gæðakerfum félagsins falla undir sjálfbærni, umhverfis- og loftslagsmál, félagslega þætti eða stjórnarhætti.

Félagið vinnur eftir eftirtöldum stöðlum og vottunum:

- Rækjuvinnsla: MAST (HACCP vottun frá Matvælastofnun), BRC (BRC Global Standards), MSC (MSC Chain of Custody Standard), Tesco (smásala), Marks & Spencer (smásala) og Morrisons (smásala)
- Fiskvinnsla: MAST, MSC, IRF (Icelandic Responsible Fisheries). Unnið er að því að verða IFS vottuð (International Featured Standards)
- Sólberg Óf1: MAST, IRF, Femas (Feed Materials Assurance Scheme)

Afurðir Primex er vottaðar af Tún ehf. fyrir lífræna- og sjálfbæra framleiðslu og auðlindanýtingar.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf, óendurskoðað, frh.:

Umhverfismál

Rammi hefur undirritað stefnu SFS um samfélagsábyrgð og þar koma fram eftirfarandi áhersluatriði og ætlunin með þeim að fanga megináhættur og stýringu þeirra áhætta í íslenskum sjávarútvegi:

- Að styðja heimsmarkmið nr. 14 um Líf í hafi. Að tryggja gott ástand fiskistofna og að upplýsingar um veiðar og umgengni við vistkerfi hafsins séu traustar, rekjanlegar og gagnsæjar. Félagið er meðvitað um að losun gróðurhúsalofttegunda eykur súrnun sjávar sem hefur skaðleg áhrif á lífríki hafsins og fiskistofna.
- Að styðja heimsmarkmið nr. 9 og auka nýsköpun og fjárfestingu sem er ein forsenda árangurs í umhverfismálum.
- Að innleiða hringrásarhugsun í starfsemi, þ.e. að auka nýtni afurða og minnka ágang á náttúruauðlindir, sjá til þess að úrgangur sé endurnýttur, tryggjum rekjanleika afurða,
- Við ætlum að mæla og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda ásamt því að jafna og binda losun gróðurhúsalofttegunda.
- Við ætlum að taka þátt í og stuðla að orkuskiptunum með betri orkunýtni tækja og skipa og stuðla að orkuskiptum með því að skipta út tækjum og skipum eftir því sem kostur er og það reynist fýsilegt.

Með endurskipulagningu fiskveiða félagsins hefur brennsla jarðefnaeldsneytis minnkað um 57% frá árinu 1997.

Rammi hyggst greina eftirfarandi lykilmælikvarða:

- Útblástur kolefnisspors starfseminnar (umfang 1, 2 og 3)
- Fjárfesting í aðlögun að loftslagsbreytingum
- Endurnýtingarhlutfall úrgangs og veiðarfæra
- Hlutfall rekjanlegra afurða
- Hlutfall bifreiða og annarra tækja sem ganga fyrir endurnýjanlegum orkugjöfum

Félagið er svo með til skoðunar mælikvarða leiðbeininga Nasdaq UFS og hvernig þeir verði notaðir ásamt mögulegum öðrum t.d. frá Global Reporting Initiative (GRI).

Primex, dótturfélag Ramma, hefur skilað inn grænu bókhaldi til Umhverfisstofnunar síðast liðin ár.

Rammi og dótturfélög hafa markvisst leitað leiða til umbóta í umhverfismálum. Dótturfélagið Primex ehf. var stofnað til að vinna vörur úr rækjuskel sem áður var hent í sjóinn með verulegum umhverfisáhrifum. Primex ehf. kaupir jafnframt rækjuskel af öðrum rækjuvinnslum. Rammi og dótturfélög fylgja öllum lagakröfum á sviði umhverfismála í starfsemi samstæðunnar. Samstæðan vinnur markvisst að því að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif starfseminnar.

Rammi hefur það að leiðarljósi að nýting fiskistofna sé sjálfbær til framtíðar fyrir komandi kynslóðir, gæði afurða og ábyrgð gagnvart umhverfi og samfélagi. Rammi er aðili að Iceland Responsible Fisheries sem stendur fyrir upprunamerkingu íslenskra sjávarafurða og vottun á ábyrgum fiskveiðum.

Rammi vill starfa í sátt við umhverfið og samfélagið. Það er markmið Ramma að hámarka efnahagslegan ávinning af nýtingu sameiginlegra náttúruauðlinda, sem félaginu hefur verið treyst fyrir, fyrirtækinu og samfélaginu til heilla og styðja við nýsköpun og þróun tengdri greininni.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf, óendurskoðað, frh.:

Félagslegir þættir

Rammi hefur undirritað stefnu SFS um samfélagsábyrgð og þar koma fram eftirfarandi áhersluatriði, ætlunin með þeim að fanga megináhættur og stýringu þeirra áhætta í íslenskum sjávarútvegi:

- Við leggjum mikið upp úr ábyrgð okkar gagnvart starfsfólki okkar. Við höfum virðingu að leiðarljósi í öllum okkar samskiptum, tryggjum jöfn tækifæri og virðum fjölbreytileika. Við líðum ekki mismunun og tryggjum launajafnrétti. Þá styðjum við starfsfólkið okkar til auka þekkingu sína og færni.
- Við skiljum ábyrgð okkar og reynum í hvívetna að tryggja að vinnustaðir okkar séu öruggir og góðir með því a draga úr hættu við vinnu og í starfsumhverfi. Markvisst er unnið að öryggisfræðslu og að hafa vinnuumhverfið okkar heilsusamlegt.
- Við skuldbindum okkur til að fara að gildandi lögum og reglum um mannréttindi sem lúta meðal annars a nauðungar- og þrælkunarvinnu, barnavinnu og misrétti á vinnustöðum.
- Við styðjum menntun og eflum tengsl við menntakerfið og kynnum spennandi atvinnumöguleika í sjávarútvegi.
- Sýna betur fram á hvernig félagið leitast við að framleiða lokaafurðina með ábyrgum hætti, sýna fram rekjanleika, sýna fram á kolefnisspor, sýna fram á félagslega þætti (mannréttindi o.fl.) í virðiskeðjunni.

Félagið er með til skoðunar mælikvarða leiðbeininga Nasdaq UFS og hvernig þeir verði notaðir ásamt mögulegum öðrum t.d. frá Global Reporting Initiative (GRI). Helstu lykilmælikvarðar eru;

- Launamunur kynja
- Starfsmannavelta
- Kynjafjölbreytni
- Aðgerðir gegn mismunun
- Vinnuslysatiðni
- Mannréttindi

Stjórnarhættir

Rammi hefur undirritað stefnu SFS um samfélagsábyrgð og þar koma fram eftirfarandi áhersluatriði, ætlunin með þeim að fanga megináhættur og stýringu þeirra áhætta í íslenskum sjávarútvegi:

- Við vinnum gegn spillingu í hvaða formi sem er og viljum vera heiðarleg í viðskiptum og gæta að orðspori íslensks sjávarútvegs. Við hvetjum starfsfólk til að tilkynna brot í starfsemi til stjórnenda fyrirtækisins.
- Við hugum að gagnsæjum starfsháttum og góðum samskiptum á vinnustað og utan hans.
- Við leggjumst á að birgjar okkar starfi eftir lögum og reglum.
- Við skuldbindum okkur til að birta ófjárhagslegar upplýsingar, þ.e. UFS uppgjör (umhverfismál, félagslegir þættir og stjórnarhættir).
- Að styðja heimsmarkmið nr. 9 og auka nýsköpun og fjárfestingu sem ein forsenda árangurs í umhverfismálum.
- Við ætlum að birta skattspor, upplýsingar um hvar skattar eru greiddir og viðskipti við tengda aðila.
- Yfirsýn stjórnar og stjórnenda yfir UFS áhættur, með reglulegri umfjöllun á stjórnar- og framkvæmdastjórnarfundum
- Loftslagsáhættur, orkuskiptin og virðisikeðjuáhrif
- Samskipti við nærsamfélagið, mannréttindi, heilsu- og öryggismál, mannauðsmál
- Samskipti við hagaðila - gera hagaðilagreiðningu og taka inn sjónarmið hagaðila
- Auka umfang og ferla í kringum viðskiptasiðferðismál
- Gagna- og upplýsingaöryggi

Stjórn hefur sett félaginu stefnu gegn mútum og spillingu.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf, óendurskoðað, frh.:

Stjórnarhættir, frh.

Félagið er með til skoðunar mælikvarða leiðbeininga Nasdaq UFS og hvernig þeir verði notaðir ásamt mögulegum öðrum t.d. frá GRI:

- Kynjahlutfall í stjórn
- Siðareglur birgja
- Siðferði og aðgerðir gegn spillingu
- Birting sjálfbærnisráðgjafar
- Starfsvenjur við upplýsingagjöf
- Gögn tekin út eða sannreynd af ytri aðila
- Fjárfesting í nýsköpun
- Skattspor félagsins
- Ábyrg og yfirsýn stjórnar og stjórnenda

Rammi hefur ekki birt sjálfbærnisráðgjafar undanfarin ár en er með til skoðunar hver besta nálgunin sé hvað það varðar miðað við umfang starfseminnar.

Stjórnarháttaryfirlýsing

Í lok júní 2020 voru gerðar breytingar á ársreikningalögunum sem fólu m.a. í sér að Ramma hf. ber að birta yfirlýsingu um stjórnarhætti sína í sérstökum kafla í skýrslu stjórnar. Félagið hefur ekki fram að þessu fylgt leiðbeiningum um stjórnarhætti en hyggst fylgja Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja frá og með árinu 2021. Leiðbeiningarnar eru gefnar út af Viðskiptaráði Íslands, NASDAQ OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins.

Um reksturinn gildir ítarlegt regluverk og opinbert eftirlit. Fiskistofa sér um eftirfylgni með framkvæmd þeirra laga og reglna sem settar eru í samvinnu við aðrar helstu stofnanir í stjórnkerfi sjávarútvegs á Íslandi. Helstu lög sem gilda um starfsemi eru lög um stjórn fiskveiða nr. 38/19990, lög um hlutafélög og ársreikninga.

Rammi á dótturfélögin Arctic Seafood Ltd., Primex ehf., Sigurbjörn ehf. og Hafnarhyrnu ehf. (engin starfemi) og eru stjórnir þeirra ábyrgar fyrir rekstri dótturfélaganna.

Stjórn

Stjórnarmenn skulu búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt.

Stjórn skipa fimm stjórnarmenn og er hún samsett af þremur karlmönnum og tveimur konum og eru því kynjahlutföll í samræmi við lög. Hins vegar eru varamenn báðir karlmenn.

Stjórnin hefur ekki lagt formlegt mat á hvort sitjandi stjórnarmenn séu á hverjum tíma óháðir félaginu og stórum hluthöfum þess.

Gunnar Sigvaldason stjórnarformaður er fæddur 1938. Hann er með Verslunarpróf frá Verslunarskóla Íslands. Hann var framkvæmdastjóri Valbergs ehf. frá árinu 1961 til 2000 og framkvæmdastjóri Sæbergs hf. frá 1974 til 1997. Gunnar hefur verið stjórnarformaður Ramma hf. frá árinu 2009 og var framkvæmdastjóri félagsins frá 1997 til 2009. Hann situr í stjórn Sölkú fiskmiðlunar hf., Atlas hf. og í dótturfélögum Ramma hf., Primex ehf., Hafnarhyrnu ehf. og Sigurbjörns ehf. Gunnar hefur engin hagsmunatengsl hvorki við helstu viðskiptaaðila né samkeppnisaðila félagsins. Eignarhlutur hans í Ramma hf. nemur 16,74%.

Gunnar Svavarsson, varaformaður stjórnar, er fæddur 1951. Hann er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og hefur starfað sem ráðgjafi hjá Kontakt ehf. frá árinu 2008. Gunnar var framkvæmdastjóri hjá Icebank hf. á árunum 2006 til 2007, forstjóri Icelandic Group hf. á árunum 1999 til 2005. Hann var fjármála- og forstjóri Hampiðjunnar hf. á tímabilinu 1974 til 1999. Gunnar var í stjórn Ramma hf. á árunum 1994 til 1999 og síðan frá 2006 til dagsins í dag. Gunnar hefur engin hagsmunatengsl hvorki við helstu viðskiptaaðila né samkeppnisaðila félagsins eða hluthafa. Hann á enga hluti í félaginu.

Katrín Pétursdóttir, stjórnarmaður, er fædd 1962. Hún er iðnrekstrarfræðingur frá Tækniskóla Íslands. Hún er framkvæmdarstjóri Lýsis hf. áður Fiskafurða umboðssölu ehf. og Hnotskurn ehf. Katrín hefur setið í stjórn Ramma hf. frá árinu 2017. Katrín situr í stjórnnum Viðskiptaráðs Íslands, Ísals hf. og Akraborgar ehf. Katrín hefur engin hagsmunatengsl hvorki við helstu viðskiptaaðila né samkeppnisaðila félagsins eða hluthafa. Lýsi hf. á óverulegan hlut í Ramma hf. eða 0,01% og er Lýsi hf. einnig í óverulegum viðskiptum við Ramma hf.

Stjórnarháttaryfirlýsing, frh.

Stjórn, frh.:

Sigurgeir Svavarsson, stjórnarmaður, er fæddur 1967. Hann er húsasmíðameistari að mennt. Hann er framkvæmdarstjóri Sigurgeirs Svavarssonar ehf. frá árinu 2003. Sigurgeir hefur setið í stjórn Ramma hf. síðan 2018. Hann situr í stjórnnum Sigurgeirs Svavarssonar ehf., Bríkargils ehf., Hótel Ísafjarðar hf. og Ísbjargar ehf. Sigurgeir hefur engin hagsmunatengsl hvorki við helstu viðskiptaaðila né samkeppnisaðila félagsins. Sigurgeir á engan hlut en er tengdur hluthafi í Ramma hf. þar sem faðir hans á 14,26% hlut í Ramma hf.

Steinunn Marteinsdóttir, stjórnarmaður, er fædd 1966. Hún er hárgreiðslumeistari að mennt og með Diplomanám í ferðamálafræði. Steinunn starfar nú hjá Premium ehf. líffeyrisþjónustu eða frá árinu 2013. Hún vann við hárgreiðslustörf frá árunum 1990 til 2002 þar sem hún átti og rak um tíma hárgreiðslustofu. Á árunum 2004 – 2013 vann hún hjá Sparisjóðnum Af/Arion banka. Steinunn situr í stjórn Þjóðlagaseturs séra Bjarna Þorsteinssonar og hefur verið eigandi Kjólakistunnar ehf. frá 2014. Steinunn hefur engin hagsmunatengsl hvorki við helstu viðskiptaaðila né samkeppnisaðila félagsins. Steinunn á engan hlut en er tengd hluthöfum í Ramma þar sem nán fjölskylda hennar á 42,5% hlut í Ramma.

Jón Þorvaldsson, varamaður í stjórn, er fæddur 1937. Hann er með verslunarpróf frá Verslunarskóla Íslands. Jón starfaði sem bókarari hjá Flugfélagi Íslands á árunum 1959 til 1961, hjá Valberg hf. á árunum 1961 til 2000 og Sæbergi hf. frá 1974 til 2000. Hann var framkvæmdastjóri Valumboðs ehf. frá árinu 2000 til 2005. Jón var í stjórn Ramma hf. á árunum 1997 til 1999 og frá 2000 til 2009. Hann var varamaður í stjórn Ramma hf. frá 1999 til 2000 og frá 2009 til dagsins í dag. Jón er stjórnarmaður í bókaútgáfunni Tindur ehf. Jón hefur engin hagsmunatengsl hvorki við helstu viðskiptaaðila né samkeppnisaðila félagsins. Eignarhlutur í Ramma hf. nemur 4,81%.

Steingrímur Arnar Finnsson, varamaður í stjórn, er fæddur 1980. Hann er með Bsc gráðu í hagfræði frá Háskóla Íslands frá árinu 2004. Steingrímur er í dag framkvæmdastjóri markaðsviðskipta Fossa markaða hf. Hann var forstöðumaður markaðsviðskipta Straums fjárfestingarbanka hf. á árunum 2011 til 2015 og frá árinu 2015 einn stofnenda Fossa markaða hf. Steingrímur hefur verið varamaður í stjórn Ramma hf. frá 2006. Hann hefur engin hagsmunatengsl hvorki við helstu viðskiptaaðila né samkeppnisaðila félagsins eða hluthafa. Hann er tengdur (barnabarn) Gunnari Sigvaldssyni stjórnarformanni og hluthafa.

Starfsemi stjórnar, framkvæmdastjórnar.

Um hlutverk og skyldur stjórnar fer samkvæmt samþykktum félagsins.

Til staðar eru starfsreglur þar sem helstu verkefni og valdsvið stjórnar, formanns stjórnar og framkvæmdastjóra eru skilgreind. Gildandi starfsreglur eru komnar til ára sinna og verða endurskoðaðar á fyrsta ársfjórðungi 2021.

Stjórn tekur meiriháttar ákvarðanir í rekstri félagsins, hefur eftirlit með að bókhald félagsins sé í samræmi við lög og að fjárreiður þess séu með tryggum hætti.

Meginhlutverk stjórnar er að stýra félaginu milli hluthafafunda og tryggja að rekstur þess og starfsemi sé í samræmi við lög, samþykktir og stefnu félagsins. Stjórn ber að setja markmið varðandi áhættur í starfseminni, ákveða mörk áhættutöku og byggja upp eftirlit með áhættum í rekstrinum.

Frá aðalfundi 2020 vegna rekstrarársins 2019 voru haldnir sex stjórnarfundir. Leitast er við að boða stjórnarfundir þegar að allir stjórnarmenn geta tekið þátt auk þess eru varamenn einnig boðaðir. Allir stjórnarfundir voru ákvörðunar bærir.

Á árinu 2020 var framkvæmdastjórn skilgreind með formlegum hætti en hana skipa framkvæmdastjóri, fjármálastjóri og rekstrarstjóri í Þorlákshöfn. Hlutverk framkvæmdastjórnar er að stýra daglegum rekstri Ramma hf.

Til stendur að koma á fót endurskoðunarnefnd og verður hún skipuð á aðalfundi félagsins. Með tilkomu nefndarinnar verður eitt af hlutverkum hennar að hafa eftirlit með virkni innra eftirlits og áhættustýringar. Settar verða starfsreglur og mun endurskoðunarnefnd gefa stjórn skýrslu um störf sín eins og lög gera ráð fyrir.

Stjórnarháttaryfirlýsing, frh.

Innri eftirlit og áhættustýring

Stjórn ber ábyrgð á því að til staðar sé virkt kerfi innra eftirlits og að það sé formlegt, skjalfest og sannreynt reglulega. Innra eftirlitið á að vera til þess fallið að veita vissu um að félagið nái árangri og skilvirkni í starfsemi í samræmi við markmið félagsins, að það veiti áreiðanlegar og réttmætar fjárhagsupplýsingar til ytri aðila og það hlíti lögum og reglum sem gilda um starfsemina.

Framkvæmdastjóra ber að viðhalda skipuriti sem skýrt tilgreinir ábyrgðasvið, heimildir starfsmanna og boðleiðir innan félagsins. Framkvæmdastjóri skal móta markmið fyrir innra eftirlit í samráði við stjórn félagsins og fylgjast með því að það sé skilvirkt. Hluti af innra eftirliti er upplýsingagjöf og er það eitt af hlutverkum framkvæmdastjóra að gefa reglulega skýrslu um störf og hagi félagsins.

Framkvæmdastjóri bera ábyrgð á að greina, mæla, fylgjast með og hafa eftirlit með áhættum sem starfseminni fylgja.

Dómar eða sektir

Á árinu 2020 var félagið ásakað um brot á lögum er varðar brottkast. Félagið ákvað að taka ekki til varna gagnvart meintu broti.

Félagið starfar í samræmi við ábyrgar fiskveiðar og leggur metnað sinn í að fylgja þeirri stefnu.

Framkvæmdastjóri

Ólafur Helgi Marteinnsson er fæddur 30. apríl 1959 og hefur stýrt félaginu frá 1991. Ólafur hefur skipstjórnarréttindi frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík og er Útgerðartæknir frá Tækniskóla Íslands. Ólafur situr í stjórn eftirtalinna félaga: Fyrirbarð ehf, Hafnarhryna ehf, Primex Medical Investments ehf, Sigurbjörn ehf, Primex ehf, Karlsberg ehf, og Arctic Seafood Ltd, auk þess er Ólafur formaður Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi. Ólafur á 1,6% hlut í félaginu og 26,11% hlut í Marteini Haraldssyni ehf. sem á 38,05% í félaginu. Aðilar tengdir Ólafi eiga 2,1% í félaginu. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskipta- eða samkeppnisaðila félagsins.

Fyrirkomulag samskipta hluthafa og stjórnar

Samskipti við hluthafa eiga sér stað á hluthafafundum. Aðalfundur skal haldinn fyrir 15. júní ár hvert og er til hans og annara hluthafafunda boðað með auglýsingu í fjölmiðlum.